

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Samband borgfirzakra kvenna fer með stjórn heimilishjálpar í sýslunum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar skal vera í höndum sérstaks fulltrúa Sambands borgfirzakra kvenna, og á hann rétt á að sitja fundi sýslunefnda, þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálp. Hann hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem fulltrúi heimilishjálpar tekur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóms, barnsburðar, slyss, dauðsfalls eða af öðrum ástæðum; þar með talin aðstoð við aldrað fólk.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 14 daga. Fulltrúi heimilishjálparinnar getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

3. gr.

Heimilt er yfirstjórn heimilishjálparinnar að skipta sýslunum í allt að fjögur starfssvæði, og leitast við að ráða að minnsta kosti eina stúlku á hvert starfssvæði. Þó er fulltrúa heimilishjálparinnar heimilt að láta starfsstúlku fara á milli starfssvæða, ef nauðsyn krefur og ástæður leyfa. Fulltrúinn skal ganga örugglega úr skugga um, að það fólk, sem stundar heimilishjálp á vegum sýslanna, sé hæft til starfsins, og hafi heilbrigðisvottorð frá lækni. Um launakjör og hlunnindi starfsfólksins skal stjórn S.B.K. hafa samráð við oddvita sýslunefndar.

4. gr.

Sýslunefnd og stjórn S.B.K. bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem fólk er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda með störfum sínum.

5. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ákveður, hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

Hver hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti.

6. gr.

Þeir, sem njóta heimilishjálpar, skulu greiða helming launa hjálparstúlku, þó með þeim fyrirvara, sem um getur í 5. grein. Sé hjálparstúlka verkefnaless í bili, er fulltrúa heimilishjálparinnar heimilt að ráðstafa henni um stundarsakir á heimili, sem kunna að óska eftir heimilishjálp af öðrum ástæðum en teknar verða gildar samkvæmt 2. gr. — Greiðir þá hlutaðeigandi heimili hjálparstúlkunni full laun. Framkvæmdarstjórn heimilishjálparinnar setur nánari reglur um greiðslur, innheimtur og annað í sambandi við ráðningu starfsfólks, er hún telur máli skipta í þessu efni. Skal um slíkt hafa samráð við oddvita sýslunefnda og leita eftir staðfestingu ráðherra á þeim reglum, ef nauðsynlegt þykir.

7. gr.

Halli vegna heimilishjálpar, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{2}{3}$ úr sýslusjóðum, sem endurkrefja hreppsfélögin um andvirði veittrar vinnu til hvers sveitarfélags.

8. gr.

Sýsluskrifstofan í Borgarnesi annast greiðslur og reikningshald vegna heimilishjálparinnar.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sýslusjóðs.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Við ákvörðun tekna elli- og örorkulífeyrisþega skal miða við bætur almanna-trygginga til viðkomandi umsækjanda sjálfs, eins og þær eru á hverjum tíma, þegar hækkun kemur til álita, en aðrar tekjur skulu ákveðnar samkvæmt nýjustu upplýsingum, sem skattfyrirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

Til annarra tekna samkvæmt 1. málsgrein teljast allar tekjur samkvæmt tekju-dálki skattskýrslu, aðrar en bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, eigin húsaleiga og tekjur barna.

Hækka skal lífeyri einstaklings samkvæmt 1. málsgrein um það, sem á vantar, að hann ásamt öðrum tekjum samkvæmt 2. málsgrein nemi 120 þús. kr. á ári.

2. gr.

Á sama hátt og um getur í 1. gr. skal tryggja hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris, 216 þús. kr. tekjur. Hækka skal bætur hjónanna um það, sem á vantar, að samanlagðar tryggingabætur þeirra og aðrar tekjur nemi samtals 216 þús. kr. á ári.

3. gr.

Nú nýtur annað hjóna örorku- eða ellilífeyris en hitt ekki, og skal þá miðað við samanlagðar tekjur þeirra og tryggingabætur og hækka bætur lífeyrisþegans í 120 þús. kr., ef sú hækkun leiðir ekki til þess, að samanlagðar tekjur hjónanna fari yfir 216 þús. kr.